



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2022

## ENSK1HA05

### Hagnýt enska

---

**Kennarar:**

Ingunn Helgadóttir (IH) [ingunn@fsu.is](mailto:ingunn@fsu.is)

Ægir Pétur Ellertsson (ÆE) [aegirp@fsu.is](mailto:aegirp@fsu.is)

### Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum. Kennd eru undirstöðuatriði í notkun orðabóka.

**Undanfari:** Einkunnin C eða C+ úr grunnskóla.

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjósti.


## Námsefni:

Headway Academic Skills – Reading, Writing, and Study Skills - Level 2 Student's Book

Short stories - Smásögur aðgengilegar í Innu

About a boy - Penguin Readers – Nick Hornby – Aðgengileg í Innu

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Sjá vinnuáætlun undir efni á Innu.**



## Sérreglur áfangans:

- Nemendur verða að ná að meðaltali 5 úr prófum til að standast áfangann. Ætlast er til að nemendur fylgist með námsáætlun og tilkynningum á Innu.
- Athugið að þetta er símatsáfangi. Það er ekki neitt lokapróf og þess vegna er mikilvægt að öllum verkefnum í áfanganum sé skilað og á réttum tíma. Vegna símats í áfanganum þarf að skila öllum verkefnum í áfanganum á réttum tíma. **Dregið er niður fyrir sein skil**
- Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er skilað, nema að lögleg forföll komi til. Þetta ákvæði gildir líka um eldri nemendur áfangans.
- Nemendur sem eru fæddir 2003 eða fyrr ganga frá skriflegum samningi um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.
- Nemendur sem verða uppvísir af því að skila verkefnum frá öðrum eða verkefnum tekin af netinu (td. copy-paste) fá 0 fyrir slík verkefni og fá ekki að skila aftur.
- Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á hverjum tíma. Ef svo er ekki kann nemandi að vera vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann.
- Nemendur skulu mæta stundvíslega, minna kennara á viðveruskráningu í lok tíma komi þeir of seint og fylgjast með í Innu. Ekki fæst mæting í tíma þegar mætt er 15 mínútum eftir upphaf kennslustundar eða seinna.
- Kennara er heimilt að gefa nemandi **F** fyrir óþarfa fjarvist úr tíma.
- Notkun farsíma í tíma einskorðast við notkun hans sem kennslutæki og bara þegar við á.

**Fyrirkomulag námsmats:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Headway próf	2 skrifleg próf	30%
About a Boy	Próf	20%
Smásögur	Próf	20%
Ástundun og vinnusemi		5%
Verkefnamappa – skilað í lok annar	<ul style="list-style-type: none"><li>- Glósur/æfingar úr Academic Skills (45%)</li><li>- Ritunarverkefni úr Academic Skills (30%)</li><li>- Önnur verkefni (25%)</li></ul>	25%

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

18. ágúst. 2022